

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 25. maí kl. 8:44, var haldinn 137. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Sara Björg Sigurðardóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Jórunn Pála Jónasdóttir og áheyrnarfulltrúinn Vigdís Hauksdóttir. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Breyting á fundadagatali Mál nr. US210074

Lagt er fram uppfært fundardagatal skipulags- og samgönguráðs fyrir árið 2022. Fundir sem áætlaðir voru 1. og 8. júní falla niður.

#### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9., 13. og 19. maí 2022.

3. Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN210221

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga verkfræðistofunnar Eflu f.h. Reykjavíkurborgar og Kópavogs að nýju deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áfanga. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Arnarnesvegar, nýjum 2+2 vegi ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir veginn. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar, samkvæmt deiliskipulagsuppdraetti verkfræðistofunnar Eflu dags. 13. desember 2021, br. 13. maí 2022. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 13. desember 2021, br. 13. maí 2022. Tillaga var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 11. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Elísabet Rakel Sigurðardóttir dags. 10. janúar 2022, Ívar Örn Lárusson dags. 1. mars 2022, Ríkarður Sigmundsson dags. 3. mars 2022, Valgerður Helgadóttir dags. 4. mars 2022, Elísabet Guðrún Jónsdóttir dags. 8. mars 2022, Kristján Jónsson dags. 8. mars 2022, Bjarni Gunnarsson, dags. 10. mars 2022, Helgi S. Ólafsson dags. 10. mars 2022, Hjalti Atlason dags. 10. mars 2022, Guðbrandur Gimmel dags. 10. mars 2022, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir dags. 11. mars 2022, Vinir Vatnsendahvarfs dags. 10. mars 2022, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir dags. 10. mars 2022 og Halldór Páll Gíslason dags. 11. mars 2022. Að loknum athugasemdafresti barst athugasemd frá Bernharði Ólafssyni, Soffíu Eiríksdóttur, Aleksöndru Kojic og Heiðari Ásberg Atlasyni dags. 18. mars 2022. Einnig eru lagðar fram umsagnir frá eftirfarandi: Minjastofnun Íslands dags. 8. febrúar 2022, Veðurstofa Íslands dags. 28. febrúar 2022, Vegagerðin dags. 28. febrúar 2022, Umhverfisstofnun dags. 4. mars 2022, Náttúrufræðistofn Íslands dags. 4. mars 2022,

Íbúaráð Breiðholts dags. 8. mars 2022, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 10. mars 2022, Skipulagsstofnunar dags. 16. mars 2022 og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins 20. apríl 2022. Einnig er lagt fram minnisblað Eflu, dags. 13. maí 2022, þar sem fram koma sameiginleg viðbrögð Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar við innsendum umsögnum og athugasemdum.

Frestað.

4. Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN210780

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að deiliskipulagsmörkum Elliðaárdals er breytt og minnkar skipulagssvæðið við það um 1,7 ha. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar sem verða utan deiliskipulagssvæðisins og með henni eru samræmd mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegjar, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. september 2021, br. 19. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hollvinasamtök Elliðaárdals dags. 4. mars 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022.

Frestað.

5. Hekllureitur, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN210448

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga Yrki arkitekta ehf. dags. 16. júní 2021, br. 23. maí 2022, að deiliskipulagi fyrir Hekllureit, nánar tiltekið lóðirnar við Laugaveg 168-174a. Í tillögunni eru settar fram skipulagslegar heimildir fyrir íbúðir, atvinnustarfsemi og gististarfsemi. Gert er ráð fyrir að allar byggingar á lóð Laugavegs 168 til 174a verði fjarlægðar að undanskyldu borholuhúsi. Byggðin er mótuð með tilliti til landslags, sólargangs og veðurfars. Byggðin rís hæst til norðurs við Laugaveg og er lægst til suðurs við Brautarholt. Um er að ræða íbúðarhús, 2ja til 7 hæða, með möguleika á 8. hæð á norðvesturhorni Laugavegs 168 á reit A skv. fyrirbyggjandi skipulagstillögu. Byggingarnar skulu vera stallaðar með ríku tilliti til sólarátta og byggð skipulögð þannig að miðlægur inngarður sé í góðu skjóli fyrir veðri og vindum við allar byggingar. Gert er ráð fyrir sérafnotaflötum fyrir íbúðir á jarðhæðum og svölum á efri hæðum. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 463 íbúðum með verslun og þjónustu á 1. hæð. Heildar flatarmál ofanjarðar á lóðunum er 46.474 m<sup>2</sup>. Þar af eru að hámarki 44.351 m<sup>2</sup> undir íbúðir og lágmarki 2.123 m<sup>2</sup> undir verslanir og þjónustu. Einnig lögð fram Húsakönnun Borgarsögusafns dags. 2017 og umhverfismat áætlana dags. febrúar 2018. Tillagan var auglýst frá 22. júlí 2021 til og með 6. september 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Jóhannes Þórðarson og Sigurbjörn Kjartansson dags. 5. september 2021, íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 6. september 2021 og Veitur dags. 6. september 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er ljóst að verulegt skuggavarp verður í inngörðum á Hekllureit og mun birtan ekki uppfylla skilyrði nýsamþykks aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Athugasemdir hafa komið fram í auglýsingaferlinu um að birtuskilyrði verði lítil. Það er ekki góður bragur á því afgreiða svona stórt mál að afloknum kosningum áður en nýr borgarstjórn hefur tekið við.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 9:02 tók Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir sæti á fundinum og aftengdist fjarfundar-búnaði.

### **(B) Byggingarmál**

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 10. og 17. maí 2022.

### **(C) Samgöngumál**

7. Vogaskóli, stöðubann,  
tillaga - USK22010020 Mál nr. US220112

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 10. maí 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að svæði við kantstein á suðausturhluta bílastæðis Vogaskóla við Skeiðarvog verði sérmerkt sem biðstöð hópþífreidda með almennu stöðubanni í stæðinu á tímabilinu kl. 07.00-15.00, mánudaga til föstudaga, með undirmerki um heimild fyrir vöru afgreiðslu. Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

8. Kárastígur, vistgata og stæði fyrir hreyfihamlaða, á Njálsgötu og Kárastíg, tillaga -  
USK22010020 Mál nr. US220113

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 10. maí 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að Kárastígur verði vistgata.

2. Að tvö stæði á Njálsgötu, vestan gatnamóta við Frakkastíg, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

3. Að eitt stæði á Kárastíg, til móts við hús nr. 1A, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

9. Gangbraut yfir Rafstöðvarveg,  
tillaga - USK22010020 Mál nr. US220114

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 10. maí 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð

samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að gönguþverun yfir Rafstöðvarveg, til móts við þann stað þar sem hitaveitustokkur

þveraði Elliðaár, verði merkt sem gangbraut.

2. Að gönguþverun yfir hjólastíg vestan Rafstöðvarvegar, til móts við þann stað þar sem hitaveitustokkur þveraði Elliðaár, verði merkt sem gangbraut.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

10. Skýrsla stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar 2021-2025, Mál nr. US220086

Lagt fram bréf skipaðs samgöngustjóra til skipulags- og samgönguráðs, dags. 19. maí 2022 varðandi skýrslu stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar 2021-2025.

#### (D) Ýmis mál

11. Bíldshöfði 18, kæra 40/2022 Mál nr. SN220280

Lagt fram erindi frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 226. apríl 2022 ásamt kæru dags. 26. apríl 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. apríl 2022, um leyfi til að breyta starfsemi rýmis matshluta 03, Bíldshöfða 18 og innréttu kjörverslun og bakarí auk þess að gera flóttu leið og setja útsogsrör á suðurhlíð hússins.

12. Frakkastígur 9, kæra 44/2022 Mál nr. SN220281

Lagt fram erindi frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 3. maí 2022 ásamt kæru dags. 3. maí 2022 þar sem kærð er er veiting byggingarleyfis byggingarfulltrúa frá 12. október 2021 varðandi viðbyggingu á Frakkastíg 9. Einig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. maí 2022.

13. Flótagata 4, kæra 48/2022 Mál nr. SN220308

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. maí 2022 ásamt kæru dags. 16. maí 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar 12. apríl 2022 á fyrirspurn um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í kjallara að Flótagötu 4.

14. Eggertsgata, stúdentagarðar, Mál nr. SN220107  
breyting á deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. maí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir stúdentagarða að Eggertsgötu.

15. Kjalarnes, Prestshús, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN210265

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. maí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Prestshús að Kjalarnesi.

16. Krókháls, GR reitur G1,  
breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN210583

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. maí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk-Stekkjarmóa - Djúpadal.

17. Rauðhólar, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN200198

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. maí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla.

18. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um P-merkt hleðslustæði,  
svar - USK22030169 Mál nr. US190322

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 27. apríl 2022.

19. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um lýsingu við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar,  
svar - USK22020015 Mál nr. US220025

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

20. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um Biodome, svar Mál nr. US190353

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022.

21. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um Björgun, svar Mál nr. US190077

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessu máli verður fjöru fórnað, enn einni. En Björgun mun taka að sér vinnu við landfyllingar. Hér verður með þessari uppbyggingu gengið verulega í fjöru í Reykjavík. Það þykir fulltrúa Flokks fólksins leitt og stemmir auk þess ekki við „grænar áherslur.“

22. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, um Laugaveg 20b og Laugaveg 15, svar  
Mál nr. US190311

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 6. maí 2022.

23. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um sektir vegna stöðubrota í miðbænum,  
svar - USK22030083 Mál nr. US220040

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 8. apríl 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði fram fyrirspurnir vegna ábendinga sem höfðu borist og kvartana vegna innheimtu Bílastæðissjóðs. Kvartað var yfir óvægnum aðferðum þar sem fólk upplifir jafnvel að verið sé að leiða sig í gildru með því að hafa merkingar ábótavant. Málið er að fjölmargt hefur breyst í miðbænum og ekki allir átta sig á þessum breytingum enda breytingar örvar. Sums staðar eru merkingar ekki nógu góðar eða hreinlega ábótavant t.d. þar sem er algert stöðubann. Einnig eru víða framkvæmdasvæði sem byrgja sýn. Fram kemur að mikið er um sektir vegna stöðubrota. Ekkert er í svari um að merkingum sé ábótavant og er því gert

ráð fyrir að svo sé. Full ástæða er til að fara yfir merkingar og bæta úr þeim að mati Flokks fólksins. Yfirlit er að finna í svári hvar flest stöðumælalabrotsgjöld eru og er eftir því tekið að þau eru langflest við Skólavörðustíg, Tryggvagötu og Laugaveg sem kannski þarf ekki að undrast yfir.

24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um Bjarkargötu og Tjarnargötu, svar -  
USK22030169 Mál nr. US190399

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnin var lögð fram 2019. Flokkur fólksins lagði fram fyrirspurn um hvort eitthvað standi í veginum fyrir að breyta Bjarkargötu og Tjarnargötu í einstefnugötur og að annað hvort verði hægt að aka göturnar frá norðri eða frá suðri. Það hefur vakið athygli að báðar þessar götur eru tvístefnu akstursgötur sem kemur sér mjög illa fyrir þá sem um þessar götur aka. Hægt er að aka þessar götur bæði til norðurs og suðurs. Bifreiðum er lagt báðu megin á götunni og því ekki mögulegt að mæta bifreiðum sem um götun aka er þær koma úr sitthvorri áttinni. Dæmi eru um að bílar þurfi að bakka út úr götunni til að hleypa bíl framhjá sem skapar ekki bara slysa-hættu heldur einnig hættu á að rekast í aðra bíla. Þetta ástand er verst á vetrum þegar götur er snjóþungar eða fullar af klökum. Alvarlegt er þrjú ár tók að svara þessari fyrirspurn. Í svári kemur í raun ekkert annað fram en að ekkert hafi verið gert og að þetta sé ekki forgangsmál.

25. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um kostnað vegna skýrslu,  
svar - USK22020016 Mál nr. US220022

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir upplýsingum um heildarkostnað greiningarvinnu og skýrslugerðar umhverfis- og skipulagssviðs um áhrif hámarkshraða áætlunar Reykjavíkur á ferðatíma Strætó. Um var að ræða innanhússvinnu og var óskað er eftir upplýsingum um tímafjölda sem fór í verkið og annan kostnað sem og heildarkostnað. Beðið var um verkið af meirihlutanum og Strætó sem hafði áhyggjur af því að lækkun hámarkshraða myndi hægja á Strætó. Í svári kemur fram að ekki hafi verið haldið bókhald um fjölda tíma sem fara í þetta verkefni eða annað innan skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Skrifstofan getur ekki svarað þessu en giskar á tveggja mánaða vinnu. Er ekki mikilvægt að halda vel utan um hvernig fjármagni er varið enda þótt vinnan sé innan skrifstofunnar?

26. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um merkingar og sektir á Bryggjugötu 4, svar  
- USK22020094 Mál nr. US220039

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hafði fengið ábendingar um að merkingar á Bryggjugötu 4 væri ábótavant. Aðkeyrslan að hótelinu Edition Hotel er þannig að það er pláss fyrir bíla á svokallaðri vistgötu en merkingar eru ekki skýrar. Dæmi eru um að fólk hafi lagt þarna í góðri trú til að sinna erindum en fengið síðan háa sekt. Þarna er bann við lagningu í vistgötu nema í sérmerktum stæðum en litlar sem engar merkingar eru um að þarna sé vistgata og óheimilt að leggja. Óskað var eftir upplýsingum frá Bílastæðasjóði um merkingar á þessari götu og á þessum stað nákvæmlega sem er Bryggjugata (101) 4 og hvort talið sé að þær séu nægjanlega? Fram kemur að Bílastæðasjóður telur merkingar við Bryggjugötu fullnægjandi en aðrir telja svo ekki vera. Þegar miklar breytingar eru gerðar á

umhverfi þarf að merkja mjög vel og meira en þegar umhverfi er rótgróið og flestir áttað sig á svæðinu. Þetta ættu skipulagsyfirvöld að hafa í huga. Aldrei er of mikið af upplýsingum og ekki á að spara merkingar á svæðum í örri breytingu.

27. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, varðandi ný umferðalög um aðgengi um göngugötur,  
svar - USK22030169 Mál nr. US200017

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnin var lögð fram í jan. 2020. Á þessum tíma höfðu ný umferðarlög tekið gildi varðandi aðgengi fatlaðra með stæðiskort um göngugötur og að leggja í þær götur í sérmerkt stæði. Því miður hefur það ákvæði ekki verið virt og er hreyfihömluðum gert að leggja í nærliggjandi götur sem hefur skapað vandamál fyrir suma ef viðkomandi á erindi í göngugötuna. Spölur frá stæði og í göngugötu getur verið talsverður. Spurt var hvort borgaryfirvöld vilji ganga ennþá lengra en lagasetningin segir til um og veita eldri borgurum sem erfitt eiga með gang og hreyfingar sama aðgengi og fötlúðum er veitt í þessum lögum. Í svari kemur fram að borgaryfirvöld telja að aðgengi eldri borgara sé nægilega tryggt með því að heimila handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða að aka um göngugötur og ekki sé því ástæða að ganga lengra. Því er fulltrúi Flokks fólksins ekki sammála. Ekki allt eldra fólk með skerta hreyfifærni eru með stæðiskort. Öldrun fylgja alls konar líkamleg vandamál s.s. stirðnun, gigt og fleira sem skerðir hreyfifærni. Sýna þarf þessu skilning og væri því sjálfsagt að borgaryfirvöld gangi lengra en lagasetning segir til um og veiti eldri borgurum með skerta hreyfifærni sama aðgengi og fötlúðum.

28. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um undantekningu frá akstursbanni um göngugötur, svar - USK22030169 Mál nr. US200009

Lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnin var lögð fram í janúar 2020, eða fyrir meira en tveimur árum. Þá höfðu ný umferðarlög tekið gildi og voru nýmælin þau að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna akstursþjónustu fatlaðra máttu nú nýta sér göngugötur og jafnframt leggja þar í merkt stæði. Þetta olli miklu uppnámi hjá meirihlutanum og meirihluta skipulags- og samgönguráðs sem vildu ekki sjá bíla hreyfihamlaðra á göngugötum hvað þá að þeir gætu lagt þar. Farið var í aðgerðir til að fá Alþingi til að gefa Reykjavíkurborg ákvarðanafrelsi um hvar hreyfihamlaðir mættu leggja og yrði það þá í mesta lagi í hliðargötum. Þetta mál hefur verið til vandræða æ síðan. Engin bílastæði eru fyrir hreyfihamlaða í göngugötum enda þótt bílar með stæðiskort megi aka þær götur og eiga rétt á að leggja þar. Mörg dæmi eru um að hreyfihamlaður einstaklingur hefur átt í mesta basli með að komast frá stæði í hliðargötu til að t.d. sinna erindum við Laugaveg. Ef vel á að vera þurfa hreyfihamlaðir að geta lagt bíl sínum í göngugötu til að sinna erindum sínum eftir atvikum.

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um bekkir Mál nr. US220107

Lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 4. maí sl.:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bekkjum verði fjölgað í miðbænum og á öðrum stöðum í borginni eftir atvikum fyrir fólk til að setja á. Skoða mætti ýmist trébeKKi eða steinbeKKi, einhverja sem eru fyrirferðarlitlir og smekklegir. Svona beKKir þurfa

ekki að kosta mikið og ekki er um að ræða mikinn viðhaldskostnað. Best væri að hafa steinbekki sem ekki er hægt færa úr stað og einnig eru tiltölulega viðhaldsfrír. Þetta er hagsmunamál fyrir borgara á öllum aldri sem eru á ferð um borgina að geta tyllt sér á bekk um stund til að njóta stundarinnar. Þetta er í raun ákveðið ákveðið lýðheilsuáttak sem hefur beint að gera með lífsgæði. Víða mætti einnig koma fyrir litlum "áningar reitum" þar sem fólk getur sest niður og slakað á sjálft eða með öðrum. Allskonar útfærslur gætu verið í boði og einnig mætti efna til samkeppni um góðar tillögur sem taka á þessum málum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

30. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um hljóðmön í Blesugróf Mál nr. US220106

Lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 4. maí sl.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig gangi með hljóðmön við Blesugróf? Það er búið að vera á dagskrá frá 2014 og varðar lýðheilsu þessa hverfis. Vísað er í fyrirspurn frá 2020 um fyrirhugaða hljóðmön við Reykjanesbraut. Hvernig er staðan í þeim málum en talsverður hávaði er í hverfinu vegna umferðar á Reykjanesbraut og Stekkjarbakka. (sjá Aðgerðaáætlun gegn hávaða, frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg frá janúar 2014). Árið 2021 bókaði Flokkur fólksins við svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um mön við Reykjanesbraut/Blesugróf eftirfarandi: Fulltrúi Flokks fólksins spurði fyrir íbúa eftir upplýsingum um fyrirhugaða mön við Reykjanesbraut/Blesugróf og þá hvernig mál standa. Íbúum fannst þeir ekki hafa náð til skipulagsyfirvalda. Í svari segir að forhönnun á umræddri hljóðmön sé nú lokið og kostnaðaráætlun vegna framkvæmda liggi fyrir en ekki liggi fyrir hvenær hægt verði að ráðast í framkvæmdir. Mörgu er því enn ósvarað svo sem hvenær hægt verður að ráðast í framkvæmdir og hver sé ábyrgur fyrir því að koma verkinu af stað. Flokkur fólksins spyr hvað sé að fréttu af þessu og af hverju hefur þetta tekið allan þennan tíma?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

31. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um aukið aðgengi að vatni í borginni Mál nr. US220115

Flokkur fólksins leggur til að lagt verði í stóratök í að auka framboð á drykkjarvatni með drykkjarbrunnum og horft verði ekki síst til aðgengi að vatni í skólum borgarinnar. Hjólreiðafólki og hlaupurum fer fjölgandi í borginni og samhliða hefur komið í ljós að mikill skortur er á drykkjarbrunnum meðfram hjóla- og göngustígum borgarinnar. Þeir brunnar sem finna má eru sumir ónothæfir. Fjölga þarf brunnum og vanda til verka til að brunnarnir haldist nothæfir til lengri tíma.

Frestað.

32. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um rafskútur á göngugötum Mál nr. US220116

Borist hefur fulltrúi Flokks fólksins ábending um að á göngugötum sem nú hefur verið fjölgað í miðbænum er mikið um rafmagnshlaupahjól. Sumir eru farnir að tala um þessar götur meira sem rafhlaupahjólagötur frekar en göngugötur. Rafhlaupahjól geta farið hratt og eru þau t.d. bönnuð á Strikinu í Kaupmannahöfn sem dæmi. Ábendingar hafa borist að margir á rafhlaupahjól aka þessar götur mjög hratt og jafnvel með börn á þeim án hjálma. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður rætt um slysatíðni í tengslum við rafmagnshlaupahjól sem náð geta allt að 20 km hraða og jafnvel meira. Það er ekki bara nóg að fagna þessum skemmtilega samgöngumáta heldur þarf að fræða um hvernig nota á þessi hjól og skoða hvar

öruggast er að þau séu notuð. Flokkur fólksins spyr hvort ekki þurfi að skoða þessi mál nánar, beita sér fyrir reglum sem eru t.d. meira í takt við reglur um sambærileg mál í löndum sem við berum okkur saman við?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 9:25**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem  
Sara Björg Sigurðardóttir  
Marta Guðjónsdóttir

Hjálmar Sveinsson  
Eypór Laxdal Arnalds  
Jórunn Pála Jónasdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 10. maí kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1162. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vífill Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Edda Þórsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson og Erna Hrönn Geirsdóttir tók við fundinum á máli nr. 30.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Aðalstræti 4 (11.365.01)  
100591 Mál nr. BN060865  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í anddyri og til að innrétta rými í nyrsta hluta kjallara fyrir dælu og stjórnúnað fyrir misturkerfi í hóteli á lóð nr. 4 við Aðalstræti.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun dags. 9. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Aðalstræti 6 (11.365.02)  
100592 Mál nr. BN060866  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta aðallinngangi, breyta innra skipulagi á 1. hæð og loka hurðagati yfir á lóð nr. 8 á 1. hæð í hóteli á lóð nr. 6 við Aðalstræti.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun dags. 9. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Aðalstræti 8 (11.365.03)  
100593 Mál nr. BN060913  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að loka opnun yfir á lóð nr. 6 á 1. hæð húss á lóð nr. 8 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
4. Alþingisreitur  
(11.411.06) 100886 Mál nr. BN060950  
420169-3889 Alþingi, Kirkjustræti, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka fimmtu hæð til austurs í nýju skrifstofuhúsi alþingis matshluta nr. 07 í húsi Tjarnargötu 9 á lóðinni Alþingisreitur.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. maí 2022, greinargerð aðgengis dags. 3. maí 2022 og skýringarmynd 5. hæðar dags. mars 2020.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
5. Austurstræti 20  
(11.405.03) 100863 Mál nr. BN060689  
640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi í inngarði veitingahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti.

Erindi fylgir afrit af aðaltekningum samþykktum 2. nóvember 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

6.

197147

Álagrandi 2A (15.216.07)

Mál nr. BN060641

Carlos Nicolas A. Barreiro, Álagrandi 4, 107 Reykjavík

Maria Del Pilar C. Coello, Álagrandi 4, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN041665 vegna lokaúttektar á bílskúr 0101, þannig að í stað ofnakerfis er kominn gólfhiti og norðurveggur hefur verið steyptur og einangraður á lóð nr. 2A við Álagrandi.

Samþykki meðeigenda fylgir á teikningu sem er dags. 15 febrúar 2022

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7.

103659

Álftamýri 2-6 (12.800.03)

Mál nr. BN060826

Kristinn Halldórsson, Álftamýri 2, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 01-0201, baðherbergi stækkað, bætt er við snyrtingu og komið fyrir þvottaaðstöðu innan eldhúss í húsi nr. 2 á lóð nr. 2-6 við Álftamýri.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 19. apríl 2022 og uppfært eyðublað umsóknar dags. 22. apríl 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8.

103661

Álftamýri 7-9 (12.801.02)

Mál nr. BN060758

490998-2179 Bjarkar ehf, Stigahlíð 59, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056503 vegna lokaúttektar, þannig að brunavarnir eru uppfærðar, innréttuð hefur verið ræsting í kjallara og á 1. hæð og fyrirkomulagi breytt í eldhúsi og starfsmannaaðstöðu í gististað í flokki III, teg. a fyrir 34 gesti í húsi á lóð nr. 7 við Álftamýri.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9.

103833

Ármúli 38 (12.951.01)

Mál nr. BN060263

650417-1780 JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0302, matshluta 02, úr skrifstofu í íbúð í húsi á lóð nr. 38 við Ármúla.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021, yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 23. nóvember 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022.

Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

10. Barmahlíð 38  
(17.101.03) 107143 Mál nr. BN060907  
Steinn Sigríðar Finnbogason, Barmahlíð 38, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á íbúð í kjallara í húsi á lóð nr. 38 við Barmahlíð.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 26. apríl 2022 og afrit aðaluppdráttar BN051666, dags. 10. janúar 2017.  
Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

11. Bergstaðastræti 86  
(11.971.07) 102709 Mál nr. BN060947  
Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, þannig að opnað er á milli rýma, komið er fyrir styrkingu í formi stálbita í húsi nr. á lóð nr. 86 við Bergstaðastræti.  
Stærð: óbreytt.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 22. júlí 2021 vantar eiginhandaráritun og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar dags. 19. janúar 2016.  
Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

12. Bitruháls 2 (43.080.01)  
111027 Mál nr. BN060879  
Steinunn M Guðmundsdóttir, Laugarnesvegur 92, 105 Reykjavík  
680169-5009 Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur  
Sótt er um leyfi fyrir ýmsum áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að stækka og breyta innra skipulagi veitingaþjónustu, útbúa nýtt eldhús og breyta sýningareldhúsi í veitingarstað í flokki II teg. ? fyrir alls 12 gesti í iðnaðarhúsi á lóð nr. 2 við Bitruháls.  
Erindi fylgir skýringarteikning dags 20. apríl 2020.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

13. Bjargargata 1  
(16.313.05) 220421 Mál nr. BN060943  
680515-1580 Gróska ehf., Bjargargötu 1, 102  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051881 þannig að innra skipulagi er breytt í norðurhluta 1. hæðar og innréttuð mathöll með alls 8 veitingastöðum í flokki II tegund c fyrir alls 190 gesti, og viðburðarsal í flokki III tegund g fyrir 200 gesti, gera nýjan inngang að gasgeymslu á vesturhlið og bæta við lager og geymslu í kjallara, jafnframt er skráningartafla og brunahönnun uppfærð fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á lóð nr. 1 við Bjargargötu.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags 3. maí 2022, skýrsla frá Örugger verkfræðistofu um brunahönnun dags. 3. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum stimpluðum á milli 2019-2021.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

14. Borgartún 21 - 21A  
(12.180.01) 102771 Mál nr. BN060912  
640809-0350 LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060015 vegna lokaúttektar þannig að gerðar eru minni háttar breytingar á innra skipulagi í vestur hluta 1. hæðar og suðvestur hluta 2. hæðar í skrifstofuhúsi nr. 21, mhl.06, á lóð nr. 21-21A við Borgartún.  
Erindi fylgir A3 afrit af T.ark dags. 28. september 2021.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

15. Brautarholt 6 (12.412.04)  
103022 Mál nr. BN060766  
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um brunahönnun dags. 11. apríl 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2022.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.

16. Brekknaás 6 Mál  
nr. BN060530  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja íbúðakjarna með sex íbúðum, starfsmannaaðstöðu og hjólageymslu á lóð nr. 6 við Brekknaás.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 1. febrúar 2022 og greinargerð arkitekts dags. 1. febrúar 2022.  
Mhl. 01: 639,6 ferm., 2.256,2 rúmm.  
Mhl. 02: 28,8 ferm., 77,8 rúmm.  
Samtals: 668,4 ferm., 2.234 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda. Uppfærðum gögnum framvísað til skipulagsfulltrúa.

17. Dalbraut 12 (13.445.01)  
104042 Mál nr. BN060715  
500300-2130 Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi kjallara og 1. hæðar A-álmu í húsi BUGL á lóð nr. 12 við Dalbraut.  
Erindi fylgir A3 afrit af óstimpluðum teikningum Arkís með mismunandi útgáfudagsetningum og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum samþykktum 19. mars 2019.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Dugguvogur 4  
(14.522.01) 105608 Mál nr. BN060761  
470717-0330 Dugguvogur 4 ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta líkamsræktarstöð í húsi á lóð nr. 4 við Dugguvog.  
Erindi fylgir A4 afrit af aðalteikningum samþykktum 2012, 2018 og 2019.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

19. Egilsgata 14 (11.950.03)  
102561 Mál nr. BN060948  
631219-3730 Ísey Investments ehf., Laxatungu 47, 270 Mosfellsbær  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055057 þannig að hæð lóðar og mannvirkja innan hennar er leiðrétt fyrir íbúðarhús og bílskúr á lóð nr. 14. við Egilsgötu.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. Elliðavað 13-17  
(47.916.03) 209924 Mál nr. BN060586  
Stefán Metúsalem Ómarsson, Elliðavað 13, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á baðherbergi, færa hurð að geymslu á neðri hæð, fjarlægja veggjaklæðningu á svölum efri hæðar og koma fyrir heitum potti á lóð raðhúss nr. 13, mhl.01, á lóð nr. 13-17 við Elliðavað.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 11. desember 2012.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Engjavegur 13  
(13.920.01) 172992 Mál nr. BN060944  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja náttúru- og fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ásamt tengigangi við núverandi veitingasölu, í húsnæðinu verði jafnframt frístundaheimili fyrir börn í 3.-4. bekk með sér inngangi á suðausturhlíð, þrjár kennslustofur á neðri hæð, stoðrymi og skrifstofur á efri hæð, mesti fjöldi í frístundaheimili er 25, heildarfjöldi sumarstarfsmanna er 100 og mest verða 200 börn í einu í frístund í húsi á lóð nr. 13 við Engjaveg.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna meðal annars bílastæða innan lóðar.
22. Fornhagi 1 (15.461.02)  
106502 Mál nr. BN060938  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að skipta út gluggum, þak og klæðningu utanhúss, undir nýja klæðningu verði einangrað og breyta innra skipulagi í Hagaskóla, hús á lóð nr. 1 við Fornhaga.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
23. Freyjubrunnur 13  
(26.957.05) 205729 Mál nr. BN060909  
Gunnar Valur Gunnarsson, Freyjubrunnur 13, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN053435 þannig að gluggi borstofu hefur verið stækkaður, svalahandiði breytt og gerð hurð milli anddyris og bílskúrs einnig er innra skipulagi breytt líttilega í einbýlishúsi á lóð nr. 13 við Freyjubrunn.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
24. Fýlshólar 11 (46.415.11)  
111895 Mál nr. BN060940  
Kristín Brynhildur Davíðsdóttir, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður

Ásgeir Logi Ásgeirsson, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi, útliti og stækkun húss, þ.e. íbúð kjallara stækkar, eldhús fært, komið fyrir svefnherbergi þess í stað, bætt við björgunaropum, síkka glugga herbergis í kjallara og gera nýjan inngang í kjallara á húsi á lóð nr. 11 við Fýlshóla.

Stækkun: 24,3 ferm., 67,8 rúmm.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25.

(11.360.09) 100512

Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innrétta húðflúrstofu í rými 0101 á 1. hæð í atvinnu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 2 við Garðastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningu samþykkt 7. mars 2000.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

Garðastræti 2

Mál nr. BN060935

26.

(50.547.02) 206061

Hálf dán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundur skipulagsstjóra frá 4. mars 2022, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 4. mars 2022.

Stærðir: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 5.054.7 dags. 8. janúar 2019 og hæðablað 5.054.7-B4 dags. maí 2018.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Gerðarbrunnur 46

Mál nr. BN060415

27.

(12.954.05) 103852

480199-3089 Frikkabílar sf., Grensásvegi 14, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í suðurenda rýmis 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.

Erindi fylgir samþykki húseigenda dags. 4. apríl 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum samþykktum 30. nóvember 2021..

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Grensásvegur 14

Mál nr. BN060831

28.

108801

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059916 þannig að innra skipulagi er breytt í Fossvogsskóla á lóð nr. 26 við Haðaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

